



Verkmennaskólinn á Akureyri

STÆF2RH05 – Fjarkennsla

Bréf 9

Þá er komið að 6. kafla. Þið hafið tvær vikur til að vinna hann. Það eru mörg dæmi og sum tímafrek og því skulið þið passa upp á að byrja ekki of seint að reikna. Það er eitt skilaverkefni í lok kaflans sem þið hafið þá tvær vikur til að reikna og skilið í síðasta lagi 30. mars.

Lesið vel bls. 87 til 93 og skoðið sýnidæmin.

Kaflinn fjallar um flatarmál og ummál tvívíðra forma. Í upphafi kaflans eru gefnar upp formúlur fyrir mismunandi form og sýnidæmi. Það er því gott að fletta til baka til að sjá formúlurnar þegar þið reiknið dæmin eða hafið formúlublað við hendina sem finna má fremst í bókinni og á Moodle. Munið líka að nýta ykkur QR kóðana í bókinni.

Mælieiningar flatarmáls er í 2. veldi (t.d. cm^2) því einingarnar margfaldast saman um leið og tölurnar. T.d. $2\text{cm} \cdot 3\text{cm} = 2 \cdot 3 \cdot \text{cm} \cdot \text{cm} = 6 \text{cm}^2$

Ummál flatarmynda er summa allra hliðarlengda eða bogalína flatarins, línan sem afmarka flötinn.

Mælieiningar ummáls eru í 1. veldi því þar leggjast lengdirnar og mælieiningarnar saman. T.d. $2\text{cm} + 3\text{cm} = 5 \text{cm}$

Reiknið verkefni 6 í SKO bókinni.

Reiknið skilaverkefni 9. Skiladagur 30. mars

Gangi ykkur vel og munið að senda mér póst ef þið eruð stopp.